



Fundargerð hreppsnefndar 17. mars 2016

Fundur

Fundur nr. 38 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 17. mars 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Einar Björn Kristbergsson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Hafnarnefndar dags. 1. mars 2016

Sveitarstjóri upplýsti nánar um dýpkunarframkvæmdirnar sem verktaki væntir að muni ljúka í apríl. Starfsmannamál til umræðu. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

b. Samráðshóps sveitarfélagana um Finnaafjarðarverkefnið dags. 4. mars 2016

Lagt fram til kynningar.

c. 835. og 836. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

d. 382. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

e. Framkvæmdarstjórnar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 24. febrúar 2016

Lagt fram til kynningar.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Steingrími Árnasyni

Sveitarstjórn samþykkir að veita Steingrími lausn frá störfum og þakkar honum jafnframt störf hans í þágu sveitarfélagsins. Sæti Steingríms í sveitarstjórn tekur Unnur Ósk Unnsteinsdóttir og er hún boðin velkomin. Sæti Steingríms í menningarmálanefnd tekur Jakobína Ósk Sveinsdóttir. Samhljóða samþykkt.

b. Birni H. Sigurbjörnssyni

Sveitarstjórn þakkar Birni Heiðari störf hans í skipulags- og umhverfisnefnd sveitarfélagsins og samþykkir samhljóða að veita honum lausn frá störfum. Unnið er að því að finna annan formann.

c. Kirkju- og karlakór Vopnafjarðar

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og telur kórferðalagið vera góða kynningu á sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til menningarmálanefndar til afgreiðslu.

d. Ungmennafélaginu Einherja

Einar Björn vék af fundi undir þessum lið. Sveitarstjórn tekur vel í erindið og mun óska eftir fundi með forstöðumanni þjónustumiðstöðvar um erindið og skipulag sumarsins. Samhljóða samþykkt.

3. Almenn mál:

a. Drög að ályktunum um umhverfis- og samgöngumál SSA 2016

Samþykkt samhljóða að sveitarstjórn vinni athugasemdir við ályktanir aðalfundar SSA og sendi sveitarstjóra. Sameiginlegar athugasemdir síðan teknar fyrir á næsta fundi hreppsnefndar.

b. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 22. og 23. september 2016.

Samþykkt samhljóða að fulltrúar Vopnafjarðarhrepps verði Eyjólfur Sigurðsson og Sigríður Bragadóttir. Auk þeirra fara skrifstofu- og sveitarstjóri.

c. XXX. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Grand hótél í Reykjavík 8. apríl 2016

Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps er Eyjólfur Sigurðsson. Til kynningar.

d. Minnisblað um stöðu samningaviðræðna um daggjöld hjúkrunarheimila við Sjúkratryggingar Íslands

Sveitarstjóri kynnti málið og greindi frá fundi með Gunnlaugi Júlíussyni, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

e. Reykjavíkurfærð sveitarstjóra og oddvita dagana 8. -10. mars 2016

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir förinni þar sem þeir áttu m.a. fund með þingmönnum kjördæmisins og ráðherrum mennta- og sjávarútvegsmála.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:40.

[Fylgigögn fundar 160316.pdf](#)